

Fundargerð 128. fundar
fræðslunefndar Flóahrepps

Fundarstaður: Þingborg

Fundardagur: þriðjudagur 18. maí 2021

Fundartími: Krakkaborg: 16.30 -17.15

Flóaskóli: 17.15 – 18.30

Fundarmenn:

Mareike Schacht, formaður

Bjarni Stefánsson, varaformaður

Ægir Sigurðsson, ritari

Alma Anna Oddsdóttir, aðalmaður

Anný Ingimarsdóttir, varamaður

Gunnlaug Hartmannsdóttir, skólastjóri Flóaskóla

Stefanía Ósk Benediktsdóttir fulltrúi starfsmanna Krakkaborgar

Margrét Drífa Guðmundsdóttir, fulltrúi foreldra úr Flóaskóla

Sara Guðjónsdóttir, leikskólastjóri Krakkaborgar

Pórdís Guðrún Þormóðsdóttir, aðstoðarleikskólastjóri Krakkaborgar

Eydís Rós Eyglóardóttir, fulltrúi foreldra úr leikskóla

Hulda Kristjánsdóttir, fulltrúi starfsmanna Flóaskóla

Saver
fræðslu

AVAO

SOB

Bjarni Stefánsson

Margrét Drífa Guðmundsdóttir

Eyglóardóttir

Ægir Sigurðsson

Anný Ingimarsdóttir

K.H.S.

HK

Gunnlaug Hartmannsdóttir

Krakkaborg:

1. Fréttir af skólastarfinu – stutt samantekt. Skólastjóri fór yfir helstu fréttir af skólastarfinu. Covid hefur auðvitað haft áhrif á skólastarfið undanfarið og í samræmi við tilmæli sóttvarnaryfirvalda hefur verið mikið um forföll. Ýmis eyðublöð sem tengjast skólastarfinu hafa verið uppfærð að undanfögnu og voru þessi eyðublöð lögð fram til kynningar. M.a. varðandi skólaskil frá leiðskóla til grunnskóla og yfirlýsing vegna sérstaks stuðnings við nemenda. Lausar stöður hafa verið auglýstar og hafa verið ágæt viðbrögð við því. Rætt um fjölda nemenda og að húsnæði skólans sé fullnýtt, einhverjar breytingar þarf að gera á húsnæði ef fjölga á nemendum. Rætt að foreldrakönnun var ekki lögð fyrir á þessu skólaári, mikilvægt er að það verði gert á næsta skólaári.
2. Skóladagatal 2021-2022 lagt fram til samþykktar. Fræðslunefnd gerir engar athugasemdir vegna skóladagatals og telst það samþykkt.
3. Önnur mál. Rætt um viðbragðsáætlun Krakkaborgar sem hefur verið lögð fram af stjórnendum. Fulltrúar fræðslunefndar gera ekki athugasemd við viðbragðsáætlun og telst hún samþykkt af fræðslunefnd.

Svara
Þóroddis E. Þorvaldsson
DAD

SÖB

Þórunn Stefánsson
Kjartan Stefánsson
Anný Ingimarsdóttir
Egill Þorvaldsson
K. Maríu Elvín

Flóaskóli:

1. Fréttir af skólstarfinu – stutt samantekt. Skólastjóri fór yfir helstu fréttir af skólstarfinu. Covid hefur haft mikil áhrif undanfarið m.a. vegna forfalla starfsmanna. M.a. minnst á stórkostlegan árangur sem náðist í skólahreysti. Farið yfir skipulag skólstarfsins í lok skólaársins.
2. Skóladagatal 2021-2022 – lagt fram til samþykktar. Fulltrúar fræðslunefndar gera ekki athugasemdir við skóladagatal og telst það samþykkt.
3. Viðbragðs- og öryggisáætlun – lögð fram til samþykktar. Rætt um ábendingu frá stjórnendum Krakkaborgar um að samræma vinnu við viðbragðs- og öryggisáætlun á næsta skólaári. Fulltrúar fræðslunefndar gera ekki athugasemd við viðbragðs- og öryggisáætlun og telst hún samþykkt.
4. Næsta skólaár – nemendur /starfsfólk. Gert er ráð fyrir 117 nemendum á næsta skólaári. Rætt um smávægilegar breytingar á teymisvinnu og samsetningu skólahópa á næsta skólaári, mikilvægt er að geta gert breytingar sem henta hverju sinni. Einhverjar breytingar verða á starfsmannahóp og stendur vinna yfir núna við skipulagningu næsta skólaárs. Miðað við fjölda nemenda var vöntun á starfsfólki á yfirstandandi skólaári, m.a. vegna mikilla forfalla starfsmanna, reynt verður að aðlaga starfsmannahóp í samræmi við það.
5. Skólaksturinn á næsta skólaári – reglugerð. Lagðar fram reglur um skólaakstur grunnskóla Flóahrepps-drög. Rætt um mikilvægi þess að lágmarka þann tíma sem nemendur þurfa að sitja í skólabíl. Lagt er til að reglur sveitarfélagsins verði endurskoðaðar m.t.t þess að stytta hámarkstíma nemenda í skólabíl. Fræðslunefnd vísar því til sveitastjórnar að gera breytingar á skólaakstri m.t.t þess að stytta hámarkstíma nemenda í skólabíl.
6. Ytra mat/umbótaráætlun – hvernig er staðan? Undanfarið hefur verið unnið að skólafestnu og skólanámskrá, margt hefur verið gert og fór skólastjóri yfir þau atriðið sem unnið hefur verið að og hvað er framundan. Áfram verður unnið í samræmi við umbótaáætlun og mun skólastjóri skila skýrslu til menntamálastofnunar 18. júní.
7. Önnur mál. Rætt um skólavist utan sveitarfélags, þ.e. nemandi sem búsettur er í Flóahreppi óskar eftir að stunda nám í öðru sveitarfélagi. Málinu vísað til sveitastjórnar.

Guðlaug Hafnarvagn
Hauka veg
Alma Þunna Oddsdóttir
Björn Stefánsson
Þórir Þórisson
Margrét Döfu Guðmundsdóttir
Anný Jónína Ósdóttir
11 Karala Skadst